Samfylkingin

Kópavogi, 13. júlí 2026

Tillaga um að vinna fjárfestingaráætlun fyrir íþróttamannvirki og viðhald þeirra í Kópavogi

Samfylkingin leggur til að skipaður verði þriggja manna starfshópur bæjarráðs (skipaður þremur fulltrúum, tveimur frá meirihluta og einum frá minnihluta) sem í samstarfi við viðeigandi svið bæjarins verði falið að undirbúa heildstæða framkvæmdaáætlun um uppbyggingu, endurnýjun og viðhald íþróttamannvirkja í Kópavogi. Áætlunin taki til næstu 10-15 ára og verði unnin í nánu samráði við íþróttafélög bæjarins. Í áætluninni verði gerð grein fyrir forgangsröðun verkefna, áætluðum kostnaði, tímasetningu framkvæmda og fjármögnun með það að markmiði að skapa skýra langtímasýn um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Kópavogi.

Greinagerð:

Íþróttafélög Kópavogs gegna lykilhlutverki í samfélaginu og skapa þúsundum barna, ungmenna og fullorðinna tækifæri til íþróttaiðkunar, félagslegrar þátttöku og stuðla að bættri lýðheilsu. Uppbygging og viðhald íþróttamannvirkja er grundvallaratriði í að skapa þessu starfi viðunandi umgjörð og þarf að byggjast á skýrri langtímasýn, faglegri forgangsröðun og virku samráði við þau félög sem nýta mannvirkin. Á undanförnum árum hafa ákvarðanir um uppbyggingu íþróttamannvirkja oftar en ekki verið teknar vegna brýnna einstakra verkefna eða í aðdraganda kosninga, fremur en á grundvelli heildstæðrar framtíðarsýnar. Afleiðingarnar hafa víða orðið þær að framkvæmdir hafa dregist, verið áfangaskiptar eða hafa ekki náð að mæta þeirri þörf sem þeim var ætlað.

Samfylkingin telur mikilvægt að Kópavogur móti heildstæða framkvæmdaáætlun sem taki mið af ástandi núverandi mannvirkja, uppbyggingu nýrra íbúðahverfa, fjölgun íbúa, þróun íþróttastarfs og sömuleiðis með hliðsjón af fjárfestingargetu sveitarfélagsins. Slík áætlun myndi skapa fyrirsjáanleika fyrir íþróttafélög og íbúa, stuðla að gagnsærri forgangsröðun verkefna og þar að auki tryggja að fjármunum bæjarins sé varið á markvissan og ábyrgan hátt.

Kjörið tækifæri sé að ráðast í slíka áætlunargerð í þverpólitískri sátt í upphafi kjörtímabils. Markmiðið sé að ákvarðanir um uppbyggingu íþróttamannvirkja verði teknar á grundvelli sameiginlegrar stefnu og langtímahagsmuna Kópavogsbæjar og íbúa hans.

Jónas Már Torfason
bæjarfulltrúi Samfylkingar
aðalmaður í bæjarráði

Eydís Inga Valsdóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingar
varamaður í bæjarráði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026